

Ed.

626. Nefndarátt

um frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárbagsnefnd.

Nefndin hefir athugað og rætt frumvarp þetta á nokkrum fundum, og kom það fljótt í ljós, að ágreiningur var um málið að ýmsu leyti. Einn nefndarmanna (B. Kr.) er á móti mikilli stighækkun beinna skatta og háum beinum sköttum yfirleitt. Annar (S. Fr.) vill helst hafa alla skatta heina og á þann hátt fyrir komið, að tekjuskattur sje aðalskattur og þungamiðja í skattakerfi ríkisins. Og þeir nefndarmenn virðast hallast að því að auka beina skatta, en vilja ekki gera það bráðlega, eða í stórum stíl. Um nokkur aðalatriði málsins voru nefndarmenn þó samþykkir, og eru þau þessi:

1. Að lágmark skattskyldra tekna sje sett of lágt í frv., einkum hjá fjölskyldufólki.
2. Að of hár skattur sje þar lagður á lægri tekjur.
3. Að tekjuskattur hækki eftir því, frá því sem nú er (þegar dýrtíðar og gróðaskattur er talinn með), á lágum tekjum, en lækki á hinum hærri, og að það sje ekki rjett.
4. Að ósanngjarnt sje að leggja tvöfaldan skatt á hlutafjeldsgróða, svo sem þar er gert.

Lágmark skattskyldra tekna hefir háttv. neðri deild sært nokkuð til betri vegar, en stigið þar of skamt að dómi nefndarinnar. Hinn skattfrjálsi tekjufrádráttur (500 kr.) mun ætlaður fyrir brúnustu lífsnauðsynjum, og er samkvæmni í þeirri breytingu neðri deildar, að hann skuli tvöfaldaður (þ. e. vera 1000 kr.), þar sem um hjón er að ræða. En full samkvæmni fæst þó ekki með því. Frá samtöldum tekjum hjóna og 3 barna þeirra, sem orðin eru 21 árs og eldri, dragast t. d. 2500 kr., sem eru skattfrjálsar eftir frumv., en frá tekjum 5 manna fjölskyldu, þar sem eru hjón með 3 börn á aldrinum 14–21 árs, dragast að eins 1000 kr. Bóndi í sveit, sem á 3 börn upp komin, getur talið til frádráttar tekjum búsins kaup þeirra og fæði, er þau síðan greiða skatt af, að frádregnum 500 kr. hjá hverju þeirra. En bóndi, sem á 3 börn á aldrinum frá 14–21 árs, verður að gjalda skatt af fæði þeirra og kaupi, frádráttarlaust. Fellur því skatt-

urinn þyngra á þá fjölskylduna en hina, og telur nefndin það órjettlætt. Frádrátt fyrir ómögum telur nefndin sömuleiðis of lágan, og álitur rjettast, að jöfn upphæð sje skattfrjáls fyrir hvern einstakling, en eigi aðeins fyrir hvern skattgreiðanda og hvorttveggja hjóna.

Við 6. gr. frv. kom fram breytingartillaga, svo hljóðandi:

Greinin orðist svo:

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. og 2. gr., reiknast þannig: Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 1000 kr., greiðist af honum $\frac{1}{2}$ ‰.

Frá	1000 kr. til	2000 kr. greiðist	5 kr. af	1000 kr. og	1 ‰ af afg.
—	2000 — —	3000 — —	15 — —	2000 — —	1 $\frac{1}{2}$ - — —
—	3000 — —	4000 — —	30 — —	3000 — —	2 - — —
—	4000 — —	5000 — —	50 — —	4000 — —	2 $\frac{1}{2}$ - — —
—	5000 — —	6000 — —	75 — —	5000 — —	3 - — —
—	6000 — —	7000 — —	105 — —	6000 — —	3 $\frac{1}{2}$ - — —
—	7000 — —	8000 — —	140 — —	7000 — —	4 - — —
—	8000 — —	9000 — —	180 — —	8000 — —	4 $\frac{1}{2}$ - — —
—	9000 — —	10000 — —	225 — —	9000 — —	5 - — —
—	10000 — —	11000 — —	275 — —	10000 — —	6 - — —
—	11000 — —	12000 — —	335 — —	11000 — —	7 - — —
—	12000 — —	13000 — —	405 — —	12000 — —	8 - — —
—	13000 — —	14000 — —	485 — —	13000 — —	9 - — —
—	14000 — —	15000 — —	575 — —	14000 — —	10 - — —
—	15000 — —	16000 — —	675 — —	15000 — —	11 - — —
—	16000 — —	17000 — —	785 — —	16000 — —	12 - — —
—	17000 — —	18000 — —	905 — —	17000 — —	13 - — —
—	18000 — —	19000 — —	1035 — —	18000 — —	14 - — —
—	19000 — —	20000 — —	1175 — —	19000 — —	15 - — —
—	20000 — —	25000 — —	1325 — —	20000 — —	16 - — —
—	25000 — —	30000 — —	2125 — —	25000 — —	17 - — —
—	30000 — —	40000 — —	2975 — —	30000 — —	18 - — —
—	40000 — —	50000 — —	4775 — —	40000 — —	19 - — —
—	50000 — —	60000 — —	6675 — —	50000 — —	20 - — —
—	60000 — —	70000 — —	8675 — —	60000 — —	21 - — —
—	70000 — —	80000 — —	10775 — —	70000 — —	22 - — —
—	80000 — —	90000 — —	12975 — —	80000 — —	23 - — —
—	90000 — —	100000 — —	15275 — —	90000 — —	24 - — —
—	100000 — og þar yfir		17675 — —	100000 — —	25 - — —

Nefndarmennu töldu allir þessa brtt. til bóta á frumv., og þó hún kynni óbreytt að leiða til minni tekna ríkissjóði til handa en skattregla frumv., einkum í tekjuþurðarárum, mætti úr því bæta með jafnri bækkun á öllum skattstíganum, annaðhvort í skattalögnum sjálfum eða í fjárlögum, samkv. 52. gr. Brtt. kom og fram um það að telja til frádráttar skattskyldum tekjum einstakra manna tekjur af fjelagseign, sem skattaðar eru í óskiftum arði, og nokkrar brtt. fl. En þar sem nú er komið mjög að þinglokum, þótti nefndinni ekki tími til vandlegar athugunar og umbóta á frumv., enda hætt við, að meiriháttar brtt.

mundu hefta framgang málsins á þessu þingi, en nauðsyn mikil á þeim tekju-
auka, sem af frumv. er vænst. Ræður því nefndin til, að það sje samþykkt og
gert að lögum, eins og það kemur frá háttv. Nd., til bráðabirgða, þ. e. til 31. des.
1923, með þeim viðauka, sem til þeirrar ráðstöfunar er nauðsynlegur og tryggir
endurskoðun á lögnum fyrir þann tíma.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 53. gr.

Aftan við gr. bætist:

Lög þessi gilda til 31. des. 1923.

Alþingi, 17. maí 1921.

Sig. Eggerz,
form., með fyrirvara.

Guðm. Ólafsson,
fundaskrifari.

Sigurjón Friðjónsson,
ritari.

Björn Kristjánsson,
með fyrirvara.

Guðjón Guðlaugsson.